

Náms- og starfsráðgjöf FSu



Ársskýrsla
Skólaárið 2013-2014

Álfhildur Eiríksdóttir
Bjarney Sif Ægisdóttir
Guðrún Birna Kjartansdóttir

Efnisyfirlit

Starfslið.....	2
Símenntun og fundir starfandi náms- og starfsráðgjafa	2
Nýnemadagur	3
Innritunarviðtöl við nemendur með íslensku sem annað móðurmál	3
Námskeið og áhugasviðskannanir	3
Kynningarstarf og heimsóknir	4
Foreldrafundur	4
Iðn- og starfsnámsdagur.....	4
Framhaldsskólakynningin og íslandsmót iðn- og verkgreina í Kórnum Kópavogi.....	4
Erlendir háskólar.....	4
Íslenskir háskólar	4
Kynningar í grunnskólum.....	5
Heimsóknir grunnskóla.....	5
Aðrar heimsóknir.....	5
Greiningalisti.....	6
Tilhliðrun í prófum.....	6
Lestrarskimun	7
Opin vottorð	7
Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan FSu	8
Viðtöl	8
Önnur verkefni	8
Umræður og lokaorð	9

Starfslið

Skólaárið 2013- 2014 störfuðu þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann. Álfhildur Eiríksdóttir var í 100% starfi, Bjarney Sif Ægisdóttir í 75% starfi í upphafi skólaársins en fljótlega í 100% starfi og Guðrún Birna Kjartansdóttir í 50% starfi. Agnes Ósk Snorradóttir var í námsleyfi þetta skólaár.

Símenntun og fundir starfandi náms- og starfsráðgjafa

Álfhildur, Bjarney og Guðrún Birna tóku þátt í dagskrá í tilefni dags náms- og starfsráðgjafar sem haldinn var í Kaplakrika. Áhersla að þessu sinni var lögð á iðn- og verknám.

Álfhildur og Bjarney sóttu námskeið í Bendli áhugasviðskönnun.

Álfhildur og Bjarney sóttu fund á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um námskynningar, samfellu skólastiga og áherslu á iðn- og verknám í Ráðhúsi Árborgar. Þar mættu fulltrúar frá öllum skólastigum í Árborg.

Álfhildur og Bjarney sóttu ásamt Herði og Jóhönnu málþing um nám án aðgreiningar, með sérstaka áherslu á jaðarhópa.

Álfhildur og Bjarney sóttu raunfærnimatsnámskeið á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Álfhildur og Bjarney fóru á fræðsluerindi frá Félagi lesblindra hjá Fræðsluneti Suðurlands.

Álfhildur sótti nokkra fundi vegna nemenda og með nemendum sem eru í skólanum á vegum Birtu starfsendurhæfingar

Álfhildur sótti nokkra teymisfundi vegna núverandi og tilvonandi nemenda.

Álfhildur sótti nokkra undirbúningsfundi vegna stórrar framhaldsskólakynningar sem fram fór í Kórnum Kópavogi samhliða Íslandsmóti iðn- og verkgreina.

Álfhildur vann í þróunarvinnu vegna innleiðingu nýrrar námskrár á haustönn ásamt stjórnendum og nokkrum kennurum en dró sig fljótt út úr því starfi vegna annarra starfa.

Álfhildur var áfram í fagráði Kennarafélags Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Bjarney fór ásamt Ragnheiði Eiríksdóttur jafnréttisfulltrúa á málþing á Hvolsvelli um vitundarvakningu gegn kynferðisofbeldi.

Bjarney sótti Bauju námskeið, þar sem áhersla er lögð á sjálfsstyrkingu og tilfinningavinnu.

Bjarney sótti ADHD fræðslufund sem haldinn var í Sunnulækjarskóla.

Bjarney fór á samráðsfund í Menntamálaráðuneytinu um skimunartæki fyrir brotthvarf.

Bjarney sótti samráðsfund náms- og starfsráðgjafa á Suðurlandi sem haldinn var í Vallaskóla.

Nýnemadagur

Nýnemadagur fór fram 22. ágúst. Þar kynntu náms- og starfsráðgjafar sig og sína þjónustu fyrir nýnemum. Þessi dagur hefur fyrir löngu fest sig í sessi og sannað gildi sitt.

Innritunarviðtöl við nemendur með íslensku sem annað móðurmál

Samkvæmt reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku eiga framhaldsskólar að vera með móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Í júní 2013 voru fjögur túlkaviðtöl vegna nýnema auk eins viðtals án túlks. Í þetta skiptið var nokkuð um að nemendur og forráðamenn nýttu sér ekki boð í móttökuviðtal ásamt því að erfiðlega gekk að ná í aðra.

Námskeið og áhugasviðskannanir

Markmið náms- og starfsráðgjafar FSu hefur verið að bjóða upp á námskeið eða áhugasviðskannanir. Lagðar voru fyrir níu *Strong* áhugasviðskannanir á skólaárinu í umsjón Álfhildar. Einnig átta áhugasviðskannanir *Í leit að starfi* í umsjón Álfhildar og Bjarneyjar.

Á haustönn voru auglýst tvö námskeið: námskeið í hugkortagerð og prófaundirbúningi. Á vorönn voru auglýst þrjú námskeið: markmiðasetning, prófaundirbúningur og prófkvíði. Námskeiðin voru öll haldin í fundir/félagslífsgatinu og komu allir náms- og starfsráðgjafar að þeim.

Á haustönn buðu Álfhildur og Bjarney upp á áhugasviðskönnun fyrir starfsfólk skólans í fundargati, þar sem leitað var í smiðjur starfsfólks varðandi hugmyndir af örnámskeiðum. Fullbókað var í okkar smiðju.

Í byrjun vorannar héldu Álfhildur og Jóhanna Guðjónsdóttir sérkennari kynningu fyrir starfsfólk skólans um helstu greiningar námserfiðleika þar sem áhersla var lögð á styrkleika þessara nemenda og lausnir í kennslu.

Kynningarstarf og heimsóknir

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan og á vegum skólans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Síðan eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Foreldrafundur

Foreldrafundur var haldinn í september. Mæting á fundinn var óvenju góð en yfir 100 foreldrar mættu. Á fundinum kynntu náms- og starfsráðgjafar starf sitt fyrir foreldrum og þá þjónustu sem nemendum stendur til boða ásamt því að fara yfir ýmsa þætti tengda náminu og skólanum.

Iðn- og starfsnámsdagur

Iðn- og starfsnámsdagur var haldinn 25. september. Þá voru kynntar námsleiðir í iðn- og starfsnámi á Íslandi. Dagurinn var haldinn í samstarfi við Iðan fræðslusetur, en auk þeirra kom Rafiðnaðarsamband Íslands og Landbúnaðarháskólinn með kynningar. Námsleiðir á iðn- og starfsnámsbrautum skólans voru einnig kynntar og sáu kennarar brautanna um þær kynningar. Áhersla var lögð á að gefa nemendum tækifæri til þess að spreyta sig og prófa ýmis tæki sem notuð eru í greinunum. Boð var sent á nemendur í efstu bekkjum grunnskólanna á Suðurlandi og Iðan styrkti þá skóla sem þess óskuðu varðandi rútukostnað. Kynningin tókst vel og nemendur höfðu gaman af að fá tækifæri til þess að prófa hinar ýmsu greinar.

Framhaldsskólakynningin og Íslandsmót iðn- og verkgreina í Kórnum Kópavogi

Þann 6.- 8. mars fór í fyrsta skipti fram framhaldsskólakynning í Kórnum í Kópavogi þar sem 25 framhaldsskólar á landinu kynntu námsframboð sitt. Á sama tíma fór fram Íslandsmót í iðn- og verkgreinum þar sem FSu átti keppendur í sjúkraliða- og rafiðngreinum. Skólinn var með 30m² bás þar sem gulur litur var ráðandi. Áhersla var lögð á að kynna iðn- og starfsnámsbrautir skólans á sjónrænan hátt.

Erlendir háskólar

Danskur háskóli kynnti námsframboð sitt í október og norskur háskóli í mars.

Íslenskir háskólar

Þann 13. mars var í miðrýminu sett upp háskólatorg í samvinnu við Háskóladaginn sem haldinn er árlega í Reykjavík og ferðast svo um landið. Hingað komu aðilar frá Háskóla

Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Landbúnaðarháskólanum, Listaháskólanum og Háskólanum á Bifröst til þess að kynna námsframboð sitt. Háskólatorgið hafði áður verið auglýst seinna í mars en var flýtt sökum verkfallsboðunar.

Háskólinn í Reykjavík kom með sérstaka kynningu fyrir útskriftarnema í október, þar sem áhersla var lögð á að kynna verk- og tækninám.

Kynningar í grunnskólum

Álfhildur og Bjarney fóru með kynningar í grunnskólana ásamt Björgvini E. Björgvinssyni og Ægi Sigurðssyni sviðsstjórum. Á þessu ári var farið í Flúðaskóla, Grunnskólann í Bláskógarbyggð, Grunnskólann í Hveragerði, Grunnskólann á Hellu, Hvolsskóla, Laugarlandsskóla í Holtum, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla. Oftast voru fulltrúar úr nemendaráði með í för.

Heimsóknir grunnskóla

Allir grunnskólar á Suðurlandi fengu heimboð í mars. Þessi tímasetning hefur verið valin til þess að nemendur grunnskólana sjái hvernig skólinn lítur út á skólatíma. Hinsvegar skall verkfall framhaldsskólakennara á heimsóknartíma þetta skólaárið svo skólaheimsóknirnar frestuðust fram í lok apríl og byrjun maí. Flestir þáðu boðið þó ekki hafi allir komið í enda skólaársins.

10. bekkir úr eftirfarandi grunnskólum komu í heimsókn:

Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, Flóaskóla, Flúðaskóla, Grunnskólanum á Hellu, Grunnskólanum í Bláskógarbyggð, Grunnskólanum í Hveragerði, Grunnskólanum í Vík, Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla.

Að auki tóku náms- og starfsráðgjafar á mótí einstaklingum á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólann og námsframboð hans.

Aðrar heimsóknir

Álfhildur tók á mótí hópi úr MK sem komu og kynntu sér skólann.

Álfhildur tók á mótí 10.bekkingum úr Vallaskóla sem komu áður en þeir færðu sig yfir um áramót til að skoða skólann

Fashion academy kom með kynningu á námi í snyrtifræði í mars.

Greiningalisti

Nemendur með greiningu voru 251 á haustönn en 233 á vorönn. Ekki er eingöngu um fólk með námsörðugleika að ræða heldur einnig nemendur sem mikilvægt er að hafa yfirlit yfir s.s nemendur með bráðaofnæmi og fleira en sá hópur er samt sem áður ekki stór.

Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það hjá sér og sendir svo upplýsingar til kennara viðkomandi og síðan í upphafi hvernar annar eftir það meðan nemandi er í skólanum. Sú breyting varð á í byrjun vorannar að allar þessar upplýsingar voru sendar dulritaðar til viðkomandi kennara í einu skjali en hafði áður verið sent fyrir hvern og einn nemanda og kennararnir fengu því áður upplýsingarnar í mörgum skjölum. Allir nemendur á greiningarlista, og forráðamenn ef við á, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf.

Nemendur með greiningu sem sækja um lengri próftíma fá allir skírteini þar um, sem þeir nota allan sinn námsferil í FSu. Því er erfiðara að hafa yfirsýn hverjir nýta sér lengri próftíma á hverjum tíma. Þetta kerfi er hins vegar mun skilvirkara fyrir nemendur, sem þurfa ekki að sækja um þetta á hverri önn, heldur bara í eitt skipti

Tilhliðrun í prófum

Á haustönn var sótt um sérstakar prófaðstæður í 204 prófum en á vorönn í 144 prófum

	Haust 2013	Vor 2014
Fámenni	115	83
Hljóðskrá	38	14
Með aðstoð og/eða tölvu	23	16
Stækkað letur	10	9
Litaður pappír	13	17
Annað	5	5
Samtals	204	144

Tölurnar í töflunni geta skarast þar sem sama prófið getur verið til dæmis í fámenni og með stækkað letur og á hljóðskrá. Nemendur sóttu um sérstakar prófastæður ýmist í öllum þeim greinum sem þeir þreyttu lokapróf eða einhverjum hluta þeirra allt eftir gerð prófa og aðstæðum hvers nemanda fyrir sig. Nemendur með prófkvíða og nemendur í sérstökum aðstæðum geta einnig sótt um lengri prófatíma og aðrar tilhliðranir í prófum eins og þarf. Um er að ræða fáa nemendur á hverju skólaári.

Einnig senda náms- og starfsráðgjafar vinsamleg tilmæli til allra kennara skólans um að taka tillit til nemenda á greiningarlista eins og kostur er í símatsáföngum.

Sú nýbreytni var tekin upp á haustönn að sérúrræði voru skráð beint í Innu og geta kennarar nú flett upp upplýsingum um hvaða sérúrræði nemendur eru með í hverjum áfanga.

Lestrarskimun

Náms- og starfsráðgjöf hefur yfirumsjón með og vinnur úr lestrarskimun. Íslenskukennarar leggja hana fyrir í upphafi haustannar í öllum byrjunaráföngum í íslensku. Niðurstöður hennar eru síðan sendar til Harðar Ásgeirssonar og fer ákveðinn hluti nemenda í greiningarviðtöl. Flestir þeirra fá greiningu um leshömlur af einhverju tagi. Á haustönn voru þetta 10 nemendur.

Opin vottorð

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Fyrirkomulagið er þannig að nemendur skila inn opnu vottorði og hringja svo í veikindasímann þegar þeir geta ekki mætt vegna veikinda sinna eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára og veikindi þá skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu og senda póst á alla kennara um leið og opið vottorð berst.

Á haustönn voru 83 nemendur voru með opið vottorð sem er rúmlega 100 % fjölgun miðað við síðustu skólaár. Þessir nemendur byrjuðu í 1455 einingum, luku 892 (61,3 %), féllu í 343 (23,6%), og hættu í 220 (15,1%). Átta nemendur með opið vottorð hættu á önninni og fjórir stúdentar útskrifuðust, þarf af einn á tveimur brautum. Fjórir nemendur ljúka engu, tuttugu luku öllu sínu og sex í viðbót öllu nema því sem þeir hættu í.

87 nemendur voru með opið vottorð á vorönn, sem er svipaður fjöldi og á haustönn. Þeir byrjuðu í 1458 einingum, luku 911 (62,4 %), féllu í 342 (23,4 %) og hættu í 208 (14,2 %). Þrír nemendur skiluðu sér ekki í byrjun vorannar og tíu nemendur hættu í skólanum á önninni og eiga um 80% „hættur í áfanga eininga“. Fjórir féllu í öllu sínu. Fjórtán nemendur útskrifast. 24 nemendur klára allar sínar einingar og einn í viðbóta allt nema þann áfanga sem hætt var í.

Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan FSu

Náms- og starfsráðgjafar áttu í samskiptum við eftirfarandi stofnanir og sérfræðinga:

Barnahús

Barna- og unglिंगageðdeild Landspítalans (BUGL)

Birta starfsendurhæfing

Félagsmálayfirvöld

Fósturheimili á vegum félagsmálayfirvalda

Heilsugæslan

Unglingamóttakan HSu/FSu (Rut hjúkrunarfræðingur)

Sjálfstætt starfandi sálfræðingar

Vinnumálastofnun

Viðtöl

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Upplýsingar um fjölda viðtala standa þó einungis fyrir fjöldanum, en ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur. Sú nýbreytni var tekin upp á skólaárinu að nota *Google calendar* til þess að skrá og bóka viðtöl.

Önnur verkefni

Náms- og starfsráðgjafar:

- byrjuðu að taka heimasíðu deildarinnar í gegn enda kom á vordögum alveg ný heimasíða fyrir skólann.

- lögðu metnað í að uppfæra og viðhalda framboði upplýsingabæklinga um allt háskólanám sem í boði er á Íslandi, auk upplýsinga um starfsnám og sýnishornum af erlendum skólum.
- bjuggu til síðu á facebook fyrir náms- og starfráðgjöf FSu þar sem sett voru vikulega eða oftár ýmis heilræði og ábendingar og einnig er hægt að senda skilaboð þar með beiðni um viðtal eða fyrirspurnir
- aðstoðuðu og komu að innritun eldri nemenda og nýnema sem eru að koma úr grunnskóla gegnum menntagátt, bæði haust og vor meðan opið er fyrir umsóknir um skólavist
- voru eins og áður milligöngumenn nemenda með greiningu vegna hljóðbóka og talgervla sem þeir eiga rétt á að fá frá Hljóðbókasafninu
- voru í stundatöflubreytingum og einnig í að breyta vali nemenda vegna niðurstöðu prófa bæði haust- og vorönn
- tóku saman fjöldatölur um eineltismál í FSu fyrir verkefnastjóra skólans í okkar höndum.
- fóru yfir opin vottorð að beiðni skólameistara.

Umræður og lokaorð

Í upphafi skólaárs var gert átak í að auka upplýsingaflæði og aðgengi að okkur náms- og starfsráðgjöfum enn frekar. Þetta var gert meðal annars með því að stofna netfangið namsradgjof@fsu.is ásamt því að stofna Facebooksíðu náms- og starfsráðgjafar FSu. Á Facebook síðunni birtum við auglýsingar um mikilvægar dagsetningar og atburði, auglýsum námskeið og komum með ýmis heilræði. Þar gefst nemendum einnig tækifæri til þess að senda okkur náms- og starfsráðgjöfum fyrirspurnir og panta tíma. Nokkuð var um að nemendur höfðu samband við okkur í gegnum einkaskilaboð á Facebook. Aðallega voru það nýnemarnir sem nýttu sér þetta, enda kynntum við hana vel á nýnemadaginn og hvöttum nemendur til að „líka við“ hana. Við teljum mikilvægt að halda áfram að þróa bætt aðgengi að okkur og nýta tæknina eins og hægt er.

Kerfið við að senda út upplýsingar um greiningar nemenda með námserfiðleika til kennara var orðið mjög þungt í vöfum og kennarar gagnrýndu mikið þann fjölda pósta sem þeir fengu um þetta og seinkunina sem fylgdi dulritun upplýsinganna. Haustönnin var notuð til að leita leiða til að einfalda þetta vinnuferli með það fyrir augum að gera upplýsingarnar sem aðgengilegastar fyrir kennara, en jafnframt að halda öryggi þessara upplýsinga í hámarki. Fundin var leið til þess að geta sent kennara eitt skjal sem geymir upplýsingar um alla þeirra nemendur og það skjal er að sjálfssögðu dulritað. Almenn ánægja virtist vera meðal kennara með þessa nýbreytni.

Iðn- og starfsnámsdagurinn sem haldinn var í september hélt áfram að þróast og varð enn stærri viðburður en áður. Nýbreytnin var meðal annars fólgin í því að Iðan fræðslusetur tók enn meiri þátt í skipulagningu og framkvæmd dagsins ásamt því að áhersla var í þetta sinn lögð á að nemendur fengu að spreyta sig og prófa hinar ýmsu iðngreinar. Þessi dagur er löngu kominn til að vera og gaman væri að þróa hann enn frekar á næsta skólaári.

Á þessu skólaári var í fyrsta sinn var haldin sameiginleg framhaldsskólakynning á höfuðborgarsvæðinu þar sem 25 framhaldsskólar af öllu landinu tóku þátt. Um 6000 grunnskólanemendur af öllu landinu heimsóttu kynninguna. Nokkur vinna fór á skólaárinu í undirbúning þessarar kynningar, meðal annars voru sóttir undirbúningsfundir og haldnir voru samráðsfundir innanhúss. Okkur fannst kynningin takast mjög vel og fögnum þessu framtaki, enda mikilvægt að stuðla að tækifærum til þess að nemendur og foreldrar geti kynnt sér námsframboð á framhaldsskólastigi á Íslandi. Áætlað er að halda kynninguna annað hvert ár en einhver umræða var jafnvel um minni kynningar hitt árið. Það sem vakti mesta athygli í okkar bás var guli liturinn sem var allsráðandi og einnig vöktu myndbönd frá Íþróttakademíunum mikla athygli ásamt því að mikið var spurt um hestabrautina. Lukkuhjóli með námsbrautum skólans dró að nemendur, sem þótti gaman að prófa að snúa og sjá hvaða braut kæmi upp hjá þeim. Einnig var stór mynd af skólanum og námsbrautirnar sýndar myndrænt. Það sem við myndum vilja gera næst er að hafa fleiri myndbönd frá skólalífínu, góða yfirlitsmynd af skólasvæðinu og virkja nemendur skólans með í kynningarnar. Nokkrir starfsmenn skólans tóku þátt í þessu verkefni með okkur og viljum við þakka þeim öllum en sérstaklega Ágústu Ragnarsdóttur fyrir hönnun á kynningarefni og bás. Einnig þökkum við Helga Hermannssyni og Borgþóri Helgasyni fyrir aðstoð við uppsetningu bássins.

Verkfall Félags framhaldsskólakennara setti töluvert strik í skipulag vorannar hjá okkur líkt og öðrum innan skólans. Háskóladeginum var flýtt á síðustu stundu og því varð dagskráin ekki eins viðamikil og í fyrra. Grunnskólar voru heimsóttir fyrir verkfall og við gátum ekki tekið á móti grunnskólanemendum fyrr en í lok apríl og byrjun maí, í stað þess að þeir kæmu í mars. Umsóknnum um sérúrræði fyrir próf seinkaði einnig töluvert.

Við fögnum auknu samstarfi við heilsugæsluna og bættu aðgengi nemenda að hjúkrunarfræðingi. Unglingamóttakan var þetta skólaárið bæði staðsett á HSu eins og áður, en einnig hér í Iðu einu sinni í viku. Nemendur virtust nýta sér þetta úrræði mikið og við vísuðum nemendum einnig þangað eftir þörfum og áttum í ágætis samstarfi við hjúkrunarfræðinginn en það samstarf er nauðsynlegt að efla enn frekar á næsta ári. Þetta úrræði var sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að skólinn eru ekki lengur með samning um sálfræðiþjónustu. Í gegnum heilsugæsluna var hægt að vísa þessum nemendum áfram. Þó finnst okkur boðleiðin heldur löng þar sem að í alvarlegum tilfellum væri nauðsynlegt að geta vísað nemendum beint á viðeigandi fagaðila.

Fjölgun opinna vottorða á skólaárinu var mikil, eða um 100% miðað við síðustu skólaár. Erfitt var að halda utan um þennan stóra hóp nemenda. Að okkar mati þarf að fara betur yfir vinnulag varðandi þennan nemendahóp.

Á skólaárinu kom upp sú umræða að ákveðin þörf sé fyrir að vera með einhvers konar mentorakerfi fyrir þá sem standa illa félagslega, til dæmis fyrir nemendur sem eru með annað móðurmál en íslensku eða eru að flytja á svæðið annarstaðar frá. Einnig að gott væri að mynda tengsla og stuðningshóp í upphafi annar fyrir nemendur sem koma í skólann og eru að flytja langt að og þekkja kannski fáa.

Á næsta skólaári mun FSu taka þátt í verkefni á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins varðandi brottvarf, en um er að ræða skimunartæki fyrir nemendur í brottvarfshættu. 17 framhaldsskólar á landinu hafa tekið þátt í þessu verkefni í vetur og bætumst við inn næsta vetur. Um er að ræða spurningalista sem lagður er fyrir alla nýnema sem náms- og starfsráðgjafar munu vinna úr. Í kjölfarið verður hóað í þá nemendur sem teljast í brottvarfshættu og þeim veittur viðeigandi stuðningur og ráðgjöf. Það verður afar spennandi að taka þátt í þessu verkefni, en þeir skólar sem hafa tekið þátt gefa skimunartækinu góða umsögn og telja meðal annars að með þessu móti sé hægt að ná í nemendur sem alla jafna yrði ekki hóað í annars, til dæmis nemendur með góða mætingu og einkunnir.

Eins og áður erum við mjög ánægðar með staðsetningu náms- og starfsráðgjafar á þriðju hæð skólans, en brýnt er að bæta við einni skrifstofu til þess að hafa sem best aðgengi að náms- og starfsráðgjöf.

Ljóst er að á næsta skólaári verða áfram breytingar á starfslíði náms- og starfsráðgjafar FSu.

Að lokum viljum við þakka stjórnendum og samstarfsfólki gott samstarf á skólaárinu.